

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Kjóavellir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. apríl 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að um 26 ha óbyggt svæði breytist í opið svæði til sérstakra nota og innan þess svæðis breytist um 2,1 ha svæði úr óbyggðu svæði í verslunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 7. apríl 2008

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2008